

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **11.10.2016**
Málsnúmer: **FJR16050018**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vill koma eftirfarandi á framfæri vegna breytingartillagna efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.

I. Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

Í 5. lið breytingartillagnanna er kveðið á um reglu um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda. Ráðuneytið telur nauðsynlegt að koma þeirri ábendingu til nefndarinnar að líkur séu á að b-liður 3. mgr. ákvæðisins gangi gegn EES-rétti, sbr. sérstaklega ákvæði 1. mgr. 31. gr og 34. gr. EES-samningsins. Á grundvelli EES-samningsins verður ekki séð að unnt sé að skattleggja aðila með mismunandi hætti eftir því hvort lánveitandi (móðurfélag) skattaðilans sé innlent eða erlent fyrirtæki. Slíkt væri hamlandi fyrir erlent fyrirtæki sem hefði í hyggju að stofna dótturfélag héraendis.

II. VRA-vottun

Nefndin leggur til að nýjum ákvæðum um svokallaða VRA-vottun verði bætt við frumvarpið. Hins vegar er á sama tíma lagt til að ákvæði 17., 18. og 21. gr. falli brott. Ákveðið samhengi er hins vegar á milli allra framangreindra ákvæða. Af ákvæðum gildandi tollalaga leiðir að tollstjóri hefur tiltekna heimildir til söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga. Þessar heimildir takmarkast hins vegar við það eftirlit sem þegar er ætlast til að tollstjóri annist. Þegar ákvæði um VRA-vottun bætast við lögin verða heimildir tollstjóra til vinnslu persónuupplýsinga hins vegar vart nægjanlegar enda krefst veiting VRA-vottunar þess að tollstjóri hafi viðvarandi eftirlit með vottuðum aðilum. Þetta eftirlit verður hins vegar í litlu mæli hefðbundið tolleftrilít sem krefst líkamlegrar viðveru tollgæslu heldur mun það í auknum mæli verða rafrænt. Ef takast á að tryggja að tollstjóri geti sinnt VRA-vottunum með viðunandi hætti þarf eftirlit hans að vera fullnægjandi. Þá er einnig til þess að líta að svo að VRA-vottunarkerfið komi innlendum aðilum að fullkomnu gagni þurfa íslensk yfirvöld að gera gagnkvæma viðurkenningarsamninga um VRA-vottun við önnur ríki. Ef heimildir tollstjóra til eftirlits með VRA-vottuðum aðilum eru óljósar eða háðar takmörkunum er hætt á að slík samningsgerð muni reynast erfið. Þá gæti það reynst sérstaklega afdrifaríkt fyrir orðspor Íslands ef VRA-vottaður aðili yrði staðinn að ólögmetum innflutningi til annars ríkis. Í ljósi framangreinds hefði ráðuneytið talið eðlilegra að ákvæðum um VRA-vottun yrði ekki bætt við frumvarpið að sinni.